

REGLUGERÐ

um fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta samkvæmt lögum nr. 9/2014, um fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta, með síðari breytingum.

2. gr.

Málsmeðferð.

Málsmeðferð við afgreiðslu umsókna um fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta skal að jafnaði vera skrifleg. Umboðsmaður skuldara getur þó ákveðið að kalla umsækjanda eða fulltrúa hans á sinn fund.

Umboðsmaður skuldara skal tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin um veitingu fjárhagsaðstoðar, þar með talið að umsækjandi eigi þess kost að tjá sig um efni máls áður en ákvörðunin er tekin, enda telji umboðsmaður skuldara að afstaða hans og rök fyrir henni liggi ekki fyrir í gögnum málsins eða slíkt sé augljóslega talið óþarft.

Umboðsmaður skuldara skal taka ákvörðun um veitingu fjárhagsaðstoðar svo fljótt sem kostur er og að jafnaði innan þriggja mánaða frá því að allar nauðsynlegar upplýsingar liggja fyrir nema sérstakar ástæður hamli og skal umsækjandi þá upplýstur um ástæður tafar og hvenær vænta megi ákvörðunar um fjárhagsaðstoð.

Umboðsmanni skuldara er heimilt að bjóða umsækjanda upp á þann valkost að nota rafræna miðlun upplýsinga við meðferð máls og skulu þá um slíka málsmeðferð gilda ákvæði IX. kafla stjórnarsýslulaga um rafræna meðferð stjórnarsýslumála.

Að öðru leyti fer um málsmeðferð hjá umboðsmanni skuldara eftir ákvæðum stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993, með síðari breytingum, og laga og um fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta.

3. gr.

Form umsókna.

Umsókn um fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta skal vera skrifleg á þar til gerðum eyðublöðum umboðsmanns skuldara.

Umboðsmanni skuldara er heimilt að ákveða að umsókn um fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta geti verið á rafrænu formi, sbr. einnig 36. gr. stjórnarsýslulaga

Umboðsmanni skuldara er heimilt að ákveða að rafræn undirskrift komi í stað eiginhandarundirskriftar, sbr. einnig 38. gr. stjórnarsýslulaga.

4. gr.

Greiðsluörðugleikar umsækjanda.

Við mat á því hvort umsækjandi eigi í verulegum greiðsluferfiðleikum og ekki verði talið sennilegt að greiðsluörðugleikar hans muni líða hjá innan skamms tíma, sbr. skilyrði a-liðar 1. mgr. 3. gr. laga um fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta, skal litið til þess hvort ætla megi að umsækjandi geti ekki eða eigi í verulegum erfiðleikum með að standa við fjárskuldbindingar sínar. Í því sambandi skal fara fram heildstætt mat á aðstæðum umsækjanda þar sem meðal annars er litið til eðlis skuldanna, eigna, greiðslugetu og fjárhagslegra og félagslegra aðstæðna hans að öðru leyti. Fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta verður ekki veitt sé greiðslugeta fyrir hendi enda þótt eiginfjárstaða umsækjanda sé neikvæð.

Við mat á því hvort greiðsluörðugleikar umsækjanda muni líða hjá innan skamms tíma skal jafnframt fara fram heildstætt mat á aðstæðum umsækjanda með tilliti til þess hvort greiðsluörðugleikar umsækjanda verði taldir viðvarandi fremur en tímabundnir. Að jafnaði skal ekki litið til lengra tímabils en eins árs fram í tímann nema aðstæður umsækjanda verði taldar réttlæta annað. Verði greiðsluörðugleikar umsækjanda raktir til atvinnuleysis eða skertrar starfsgetu í kjölfar veikinda eða slysa-skal miðað við að um viðvarandi greiðsluvanda sé að ræða hafi atvinnuleysi eða skert starfsgeta varað um nokkurn tíma og að ólíklegt verði talið að úr uppsöfnuðum greiðsluvanda umsækjanda megi leysa með því að hann hefji eða auki störf á ný.

5. gr.

Geta til að standa skil á tryggingu fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta.

Við mat á því hvort umsækjandi geti staðið skil á tryggingu fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta skv. 2. mgr. 67. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., sbr. skilyrði b-liðar 1. mgr. 3. gr. laga um fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta, skal fara fram heildstætt mat á aðstæðum umsækjanda þar sem litið er til eigna- og skuldastöðu umsækjanda, ráðstöfunartekna hans og framfærslubyrði. Heimilt er að miða við meðaltal ráðstöfunartekna umsækjanda á tilteknu tímabili séu þær breytilegar á milli mánaða. Hið sama gildir um framfærslubyrði umsækjanda.

Við framkvæmd mats skv. 1. mgr. er heimilt að líta til þess hvort umsækjandi geti innan fárra mánaða safnað fyrir tryggingu fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta. Við það mat skal meðal annars litið til ráðstöfunartekna umsækjanda svo og hvort umsækjandi geti aflað fjár með sölu eigna sem telja má af sanngirni og með hliðsjón af greiðslugetu og fjölskylduáðstæðum að hann geti verið án. Að jafnaði er ekki litið til lengra tímabils en sex mánaða fram í tímann nema sérstakar aðstæður umsækjanda verði taldar réttlæta annað og skal miðað við að umsækjandi leggi ekki til hliðar meira af ráðstöfunartekjum sínum en það fé sem umfram er það fé sem hann þarf til að sjá sér og fjölskyldu sinni farborða. Við mat á þeirri fjárhæð sem ætla má að umsækjandi geti lagt til hliðar mánaðarlega til að safna fyrir tryggingunni skal almennt litið til framfærsluviðmiða umboðsmanns skuldara en þó er einnig heimilt að líta til sérstakra áðstæðna umsækjanda sem hafa í för með sér annaðhvort meiri eða minni framfærslukostnað en gert er ráð fyrir í framfærsluviðmiðum umboðsmanns skuldara. Heimilt er krefjast gagna til staðfestingar á slíkum framfærslukostnaði.

Fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta verður ekki veitt hafi umsækjandi þegar staðið skil á tryggingu fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta skv. 2. mgr. 67. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

6. gr.

Önnur greiðsluvandaúrræði.

Við mat á því hvort önnur greiðsluvandaúrræði hafi verið reynd, sbr. skilyrði c-liðar 1. mgr. 3. gr. laga um fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta, skal miðað við að umsækjandi hafi fullreynt önnur vægari greiðsluvandaúrræði sem ætluð voru til að leysa heildstætt úr greiðsluörðugleikum umsækjanda. Skal umsækjandi leggja fram gögn er sýna fram á að hann hafi sótt um greiðsluvandaúrræði og hvaða áhrif þau hafi haft til úrlausnar á fjárhagsvanda hans.

Hafi umsækjandi ekki leitað annarra greiðsluvandaúrræða skal umboðsmaður skuldara meta hvort önnur vægari greiðsluvandaúrræði séu til þess fallin að leysa greiðsluvanda umsækjanda.

7. gr.

Úrskurður ráðherra í kærumálum.

Ráðherra skal að jafnaði kveða upp úrskurð í kærumáli, sbr. 6. gr. laga um fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta, innan þriggja mánaða frá því að allar nauðsynlegar upplýsingar liggja fyrir nema sérstakar ástæður hamli og skal umsækjandi þá upplýstur um ástæður tafar og hvenær vænta megi ákvörðunar um fjárhagsaðstoð.

DRÖG//05.01.2015

8. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 8. gr. laga um nr. 9/2014, um fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta, tekur þegar gildi.

Velferðarráðuneytinu, xx. janúar 2015.

Eygló Harðardóttir
félags- og húsnæðismálaráðherra

Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.